

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags:	06.07.2015
Málafylki:	9.35
Mál nr.	130604



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hrafnkell Proppé, svæðisskipulagsstjóri
Hamraborg 9
200 Kópavogi

Reykjavík, 30. júní 2015
Tilvísun: 201306060 / 3.7

Efni: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins „Höfuðborgarsvæðið 2040“ ásamt Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018

Vísað er til erindis svæðisskipulagsstjóra dags. 3. júní 2015 þar sem óskað er staðfestingar Skipulagsstofnunar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins „Höfuðborgarsvæðið 2040“ sem samþykkt var í svæðisskipulagsnefnd 1. júní 2015 og hefur verið samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum. Einnig fylgdi Þróunaráætlun 2015-2018 fyrri hluti, samþykkt í svæðisskipulagsnefnd 17. apríl 2015, sem hefur jafnframt verið samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum. Þá fylgdu erindinu eftirtalin fylgigögn:

- Svör við umsögn Skipulagsstofnunar
- Innkomnar athugasemdir
- Umsagnir um innkomnar athugasemdir
- Breytingar á svæðisskipulagstillögu eftir auglýsingu

Skipulagsstofnun gaf umsögn um tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins með bréfi dags. 12. desember 2014. Brugðist hefur verið við þeim í framlögðum svörum svæðisskipulagsnefndarinnar og með breytingum á svæðisskipulagstillögunni.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins „Höfuðborgarsvæðið 2040“ og önnur framlögð gögn og telur skipulagið og málsmæðferð þess í samræmi við kröfur skipulagslaga um efni og form. Stofnunin vill þó áréttta neðangreint samhliða staðfestingu svæðisskipulagsins.

Flugsamgöngur

Reykjavíkflugvöllur er flugvöllur í grunnneti samgöngukerfis landsins og miðstöð innanlandsflugs samkvæmt samgönguáætlun 2011-2022.

Í svæðisskipulaginu er sett fram stefna um að finna miðstöð innanlandsflugs annan stað (markmið 2.1), en jafnframt vísað til samkomulags ríkis og Reykjavíkurborgar frá árinu 2013 sem tryggi innanlandsflugvelli í Vatnsmýri sess í skipulagi til ársins 2022. Sett er markmið um að tekin verði ákvörðun um framtíðarstaðsetningu innanlandsflugvallar fyrir lok árs 2018 og fest í svæðisskipulagi (aðgerð 2.1.5). Verði niðurstaðan sú að miðstöð innanlandsflugs verði fundinn staður utan Vatnsmýrar (eins og að er stefnt í markmiði 2.1 og aðgerð 2.1.5), getur uppbygging í Vatnsmýri farið fram í samræmi við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur og stefnu svæðisskipulagsins að öðru leyti. Undir markmiði 1.2 kemur fram að verði niðurstaðan sú að miðstöð innanlandsflugs verði áfram í Vatnsmýri sé mikilvægt að Reykjavíkurborg beini uppbyggingu á svæði við aðra miðkjarna eða samgöngumiðuð þróunarsvæði.

Með tölvupósti Skipulagsstofnunar til svæðisskipulagsstjóra dags. 12. júní 2015 var bent á að gera þyrfti lagfæringar á korti 6 á bls. 58 í svæðisskipulaginu fyrir staðfestingu þess frá því eintaki sem stofnunin fékk sent til afgreiðslu og hefur svæðisskipulagsstjóri fallist á það. Kort 6 sýnir megin grunnkerfi á suðvesturhorninu, en á það vantaði upplýsingar um Reykjavíkflugvöll, sem er eins og að framan greinir í grunnneti samgangna samkvæmt samgönguáætlun 2011-2022.

Skipulagsstofnun áréttar það sem fram kom í umsögn stofnunarinnar um svæðisskipulagstillöguna dags. 12. desember 2014, en þar sagði að miðað við stöðu málsins teldi Skipulagsstofnun að staðfesting svæðisskipulagsins feli ekki í sér skipulagsákvörðun um niðurlagningu innanlandsflugvallar í Vatnsmýri. Þegar tillaga eða ákvörðun um fyrirkomulag innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar liggur fyrir þarf að fara með hana sem breytingu eða endurskoðun á svæðisskipulaginu, feli hún í sér að flugvöllur í Vatnsmýri verði lagður af og nýr flugvöllur byggður upp innan höfuðborgarsvæðisins.

Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018

Samkvæmt svæðisskipulaginu skal gera fjögurra ára þróunaráætlun eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar með stefnu „Höfuðborgarsvæðisins 2040“ að leiðarljósi og skal hún liggja fyrir samhliða gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna að loknum kosningum. Við á svæðisskipulaginu er vikið að vinnslu þróunaráætlunar, hverju hún skuli taka á og hvernig sveitarfélögunum ber að vinna með hana.

Þróunaráætlun gegnir lykilhlutverki við framfylgd svæðisskipulagsins og samræmingu áætlana sveitarfélaganna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, samgönguframkvæmdir auk annarra skipulagsþátta, til að ná fram markmiðum svæðisskipulagsins.

Í umsögn Skipulagsstofnunar dags 12. desember 2014 um svæðisskipulagstillöguna kom fram að í ljósi þess að svæðisskipulagið vísar þýðingarmiklum ákvörðunum um uppbyggingarhraða og dreifingu uppbyggingar íbúða og atvinnuhúsnæðis til þróunaráætlunar þyrfti þróunaráætlun fyrir tímabilið 2015-2018 að liggja fyrir áður en svæðisskipulagið yrði endanlega afgreitt. Svæðisskipulagsnefndin lýsti sig sammála þessari nálgun í svörum við umsögn stofnunarinnar og að fyrri hluti þróunaráætlunar myndi liggja fyrir við staðfestingu. Gert er ráð fyrir að síðari hlutinn verði afgreiddur í haust.

Í fyrirbyggjandi fyrri hluta þróunaráætlunar 2015-2018 er sett fram uppfærð mannfjöldaspá fyrir höfuðborgarsvæðið, greining á stöðu íbúðamarkaðarins og gerð grein fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu og dreifingu íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu byggt á gögnum sveitarfélaganna um útgefin byggingarleyfi 2013 og 2014 og áætlunum þeirra um útgefin leyfi 2015 og 2016.

Gert er ráð fyrir að seinni hluti þróunaráætlunar 2015-2018 liggi fyrir í haust, þar sem fjallað verður um eftirtalda skipulagsþætti: Uppbyggingu atvinnuhúsnæðis, uppbyggingu innviða sem snerta alla samgöngumáta og veitur, þróun útivistarsvæða og friðaðra svæða, þróun þjónustuframboðs og uppbyggingu gistirýma.

Í fyrirbyggjandi fyrri hluta þróunaráætlunar 2015-2018 er sett fram möguleg lega Borgarlínu sem er í áframhaldandi greiningu og þróun. Með hliðsjón af henni, sbr. mynd 9 í þróunaráætlun, er lagt mat á að hvað miklu leyti fyrirhuguð uppbygging á árunum 2015-2018 verður á samgöngumiðuðum svæðum. Áætluð uppbygging á árunum 2015-2018 dreifist misjafnlega eftir sveitarfélögum. Reykjavík og Kópavogur beina uppbyggingu í meira mæli að miðkjörnum og samgöngumiðuðum svæðum, en önnur sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins (sbr. myndir 10 og 11 í þróunaráætlun). Uppbyggingaráform á þessu tímabili byggja á þegar samþykktum skipulagsáætlunum sveitarfélaganna, en ljóst virðist að dreifing þeirrar uppbyggingar styður að takmörkuðu leyti við markmið 1.2 í svæðisskipulaginu um vöxt innan miðkjarna og á samgöngumiðuðum svæðum.

Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem þróunaráætlunin gegnir við framfylgd svæðisskipulagsins beinir Skipulagsstofnun því til svæðisskipulagsnefndar að skoða frekar við afgreiðslu seinni hluta þróunaráætlunar í haust hvernig best er hægt að nýta þann vettvang sem þróunaráætlunin er til að samræma áform sveitarfélaganna og tryggja að uppbygging næstu ára styðji markmið svæðisskipulagsins.

Að endingu bendir stofnunin á atriði sem bæta mætti í framsetningu þróunaráætlunarinnar: Á mynd 10 væri æskilegt að bæta við skífu sem sýnir stöðuna í lok tímabils þróunaráætlunarinnar. Þá er bent á að yfirfara þarf og skýra betur dálka J, K og L í töflum 2 og 3. Þá mætti bæta skýringar á korti 9, svo skýrara sé hvað mismundandi stærð hringja á myndinni táknar.

Niðurstaða

Að teknu tilliti til ofangreinds hefur Skipulagsstofnun staðfest svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins „Höfuðborgarsvæðið 2040“. Við gildistöku þess falla úr gildi Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 sem var staðfest 20. desember 2002 og Svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu sem var staðfest 5. febrúar 1999.

Meðfylgjandi er afrit af auglýsingu um staðfestinguna sem mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt er umhverfis- og auðlindaráðuneyti send undirrituð skipulagsgögn.


Ásdís Hlökk Theodórsdóttir


Birna Björk Árnadóttir

Afrit:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Borgarstjórnin í Reykjavík

Bæjarstjóri Garðabæjar

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Bæjarstjóri Kópavogs

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar

Bæjarstjóri Seltjarnarnes

Sveitarstjóri Kjósarhrepps


Afrit af auglýsingu sem send var til Stjórnartíðinda:

AUGLÝSING

um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins „Höfuðborgarsvæðið 2040“

Skipulagsstofnun staðfesti þann 29. júní 2015 svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins „Höfuðborgarsvæðið 2040“ sem samþykkt var í svæðisskipulagsnefnd þann 1. júní 2015 sbr. bréf Skipulagsstofnunar til svæðisskipulagsstjóra dags. 30. júní 2015. Niðurstaða svæðisskipulagsnefndar var auglýst 6. júní 2015.

Málsmeðferð var samkvæmt 23. gr.-25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Við gildistöku svæðisskipulagsins „Höfuðborgarsvæðið 2040“ falla úr gildi Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 sem var staðfest 20. desember 2002 og Svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu sem var staðfest 5. febrúar 1999.



Asdís Hlökk Theodórsdóttir

Skipulagsstofnun dags. 30. júní 2015



Ottó Björgvin Óskarsson